

# Formannafundur UMSB

haldinn hjá Skotfélagi Vesturlands 5okt '18

María Júlía sambandsstjóri UMSB setur fundinn kl 20:00 og fer yfir dagskrá fundarins og skipar Sigurð Guðmundsson framkvæmdastjóra UMSB fundarstjóra.

Sigurður Þakkar Skotvest fyrir að halda fundinn og vera gestgjafar. Þá heldur Sigurður kynningu fjölnota íþróttahúsi í Borgarnesi og frá vinnu sem nefnd um málefni fjölnota íþróttahúss hefur innt af hendi, Sigurður segir einnig frá heimsókn sem nefndin fór í þar sem voru skoðuð fjölnota íþróttahús í Hveragerði og Hafnarfirði. Kostn við þess háttar mannvirki sem reist yrði við íþróttamiðstöðina í Borgarnesi er talinn vera UM 500 milljónir króna, sköpuðust nokkrar umræður um kosti og galla mismunandi tegundir á byggingum (uppblásið, stálgrindar eða límtrés húss), þá var komið inná þörfina fyrir að byggja.

Því næst kynntu formenn og fulltrúar félaganna sín félög og fóru yfir það sem hafi verið í gangi í sínum félögum frá síðasta formannafundi, sköpuðust umræður og var aðeins spjallað um störf félaganna.

Þá var komið að gesti fundarins en það var Haraldur Örn Reynisson frá KPMG og fór hann yfir mikilvægi þess fyrir íþróttafélög og sjálfbærni starfssemi almennt, að halda löglegt og rétt bókhald, sérstaklega í ljósi þess að það er ekki bara gjaldkeri viðkomandi félags sem er ábyrgur fyrir að bókhald sé rétt fært heldur er það öll stjórnin sem ber ábyrgðina. Sköpuðust umræður um störf gjaldkera og bókhald félaga og svaraði Haraldur fundargestum þeim spurningum sem bárust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 22:00 og bauð þá skotfélagið þeim sem vildu að prufa skotfimi með loftbyssum.

Fundarritari,

Þórður Sigurðsson